



## Fundargerð aðalfundar Landsbankans hf. 2019

Aðalfundur Landsbankans hf. vegna ársins 2018 var haldinn fimmtudaginn 4. apríl 2019 kl. 16:00 á Grand Hótel Reykjavík, fundarsalnum Gullteigi, Reykjavík.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum.
6. Kosning bankaráðs.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
9. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
10. Tillaga hluthafa skv. 1. mgr. 97. gr. laga nr. 2/1995.
11. Önnur mál.

Fundurinn hófst með því að Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hún lagði til að Ása Ólafsdóttir yrði kjörin fundarstjóri og var það samþykkt. Ása tók því næst við stjórn fundarins og lagði til að Kristinn Briem yrði kjörinn fundarritari. Það var einnig samþykkt.

Ása tók því næst við stjórn fundarins. Samkvæmt 10. gr. samþykktu Landsbankans, ber að halda aðalfund fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Boðað var upphaflega til fundarins 26. febrúar en þann 6. mars var tilkynnt var um frestun aðalfundar á vef bankans til 4. apríl.

Boðað var til þessa aðalfundar með auglýsingu sem birtist í *Fréttablaðinu* og *Morgunblaðinu* þann 14. mars sl. Var boðunin í samræmi við 10. gr. samþykktu bankans, þar sem kveðið er á um að til fundar verði að boða með skemmst tveggja vikna fyrirvara og að hámarki fjögurra vikna fyrirvara.

Mætt var fyrir eigendur hlutfjár að nafnvirði 23.572.296.405 kr., eða sem svarar til 99,7789% heildarhlutfjár. Samtals voru 29 hluthafar mættir á fundinn.

Fundarstjóri vakti athygli á tillögu hluthafa um sérstaka rannsókn samkvæmt 1. mgr. 97. gr. laga nr. 2/1995.

Fundarstjóri gerði grein fyrir að til fundarins hefði verið boðað með löglegum hætti og lýsti hann löglegan að öðru leyti.

Því næst var gengið til boððrar dagskrár.

### 1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár

Fyrsti liður á dagskrá fundarins var skýrsla bankaráðs og flutti Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs, skýrsluna. Gerði hún grein fyrir þróun í efnahagsumhverfi, árangri bankans og arðgreiðslum. Þá fjallaði formaður bankaráðs um þjónustu bankans og árangur hans í þróun stafrænnar tækni á sama tíma og miklar breytingar eru að verða í fjármálaþjónustu. Mikilvægur liður í hagræðingaraðgerðum

## Fundargerð

Landsbankinn

bankans er flutningur miðlægrar starfsemi í ný húsakynni en núverandi húsakostur bankans er talinn bæði óhagkvæmur og óhentugur. Loks vék hún að mikilvægi þess að þróa og innleiða trausta áhættumeningu, hvort sem hún snýr að fjárhagslegri áhættu eða háttsemi starfsmanna. Bankaráð hefur með reglubundnum hætti fjallað um og haft eftirlit með áhættumeningu bankans með tilliti til áhrifa hennar á fjárhagsstöðu, áhættutöku og skilvirka stjórnarhætti.

Í lok ræðu sinnar þakkaði Helga Björk bankaráðsmönnum, bæði aðal- og varamönnum, fyrir gott samstarf á undanfögnu starfsári. Hún þakkaði sömuleiðis starfsfólki fyrir gott og árangursríkt samstarf. Þá þakkaði hún viðskiptavinum traustið og tryggðina við Landsbankann. Ennfremur þakkaði hún hluthöfum og eftirlitsaðilum fyrir góð samskipti.

### 2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar

Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri, gerði því næst grein fyrir ársreikningi Landsbankans fyrir árið 2018.

Jafnframt fjallaði hún um markmið, áherslur og árangur í starfsemi bankans á árinu 2018. Í seinni hluta kynningar sinnar vék bankastjóri m.a. að stefnumótun bankans og árangri af innleiðingu nýrra upplýsingakerfa.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga:

Bankaráð Landsbankans leggur til að ársreikningur bankans vegna ársins 2018 verði samþykktur.

Ársreikningur fyrir árið 2018 ásamt skýrslu endurskoðanda var að því búnu borinn undir fundinn og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

### 3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári

Eftirfarandi tillaga um greiðslu arðs vegna ársins 2018 var lögð fyrir fundinn:

Bankaráð leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til hluthafa vegna reikningsársins 2018 sem nemur samtals 0,42 krónu á hlut og að greiðslan verði tvískipt. Gjaldldagi fyrri greiðslunnar, 0,21 króna á hlut, skal vera 10. apríl 2019. Gjaldldagi síðari greiðslunnar, 0,21 króna á hlut, skal vera 2. október 2019. Báðar greiðslurnar skulu miða við hlutaskrá í lok aðalfundardags 4. apríl 2019 nema Landsbankanum hf. berist tilkynning um að arður hafi verið framseldur með framsali hlutabréfs. Heildarfjárhæð arðgreiðslanna miðað við útistandandi hluti nemur 9.922 milljónum króna, sem samsvarar um 51,5% af hagnaði ársins.

#### Arðgreiðslur á árinu 2019:

	Króna á hlut	Arðsréttindadagur	Gjaldldagi	Fjárhæð
Fyrri greiðsla	0,21	4.4.2019	10.4.2019	4.961 m.kr.
Síðari greiðsla	0,21	4.4.2019	2.10.2019	4.961 m.kr.
Samtals	0,42			9.922 m.kr.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 4. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar

Því næst var lögð fram tillaga bankaráðs um að aðalfundur samþykki eftirfarandi starfskjarastefnu:

#### 1. gr. Starfskjör

Landsbankinn leggur áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera starf hjá bankanum að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni bankans, framþróun og viðunandi arðsemi. Í starfskjarastefnu felast jafnframt markmið um að traust ríki um stjórn og starfsemi bankans, að bankinn

*Handwritten initials:* MB, AB

## Fundargerð

Landsbankinn

sé í forystu á sviði góðra stjórnarháttar og samfélagslegrar ábyrgðar, að hagsmunum hans sé gætt í hvívetna, sem á ekki síst við um orðspor og trúverðugleika, og að hann starfi í samræmi við þau viðmið, gildi og viðskiptasiðferði sem eðlilegt er að gildi um banka í opinberri eigu.

Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækni. Bankinn leggur áherslu á að starfskjar stjórna og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjar skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.

### **2. gr. Starfskjar**

Í eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki frá júlí 2017 kemur fram að setja skuli starfskjarastefnu sem sé *samkeppnishæf, en hófleg og ekki leiðandi*.

Samkeppnishæf starfskjar í þessum skilningi fela í sér að bankinn eigi að geta laðað að og haldið hæfu starfsfólki og að bankinn geti verið samkeppnishæfur um starfsfólk þó að laun séu undir hæstu launum í samfélaginu.

Þegar rætt er um að starfskjar skuli ekki vera leiðandi ber m.a. að líta til launaþróunar í víðu samhengi og taka með í reikninginn áhrif á launaþróun almennt. Launakjar fyrirtækja sem eru með því allra hæsta sem tíðkast á vinnumarkaði, en þó ekki hæst, eru talin leiðandi.

Hófleg starfskjar fela í sér að ákvarðanir um laun séu teknar með varkárur hætti og stuðli ekki að miklum eða vaxandi mun í launum, að teknu tilliti til ábyrgðar, verkefna og árangurs. Einnig skal taka eðlilegt tillit til þeirra kjara sem fyrirtæki í meirihluta eigu hins opinbera greiða starfsmönnum sem gegna sambærilegum störfum. Forðast skal miklar launabreytingar á stuttu tímabili. Þess í stað er æskilegra að laun séu hækkuð með reglubundnum hætti og til samræmis við almenna launaþróun. Laun og önnur hlunnindi skulu vera einföld og gagnsæ eins og kostur er.

### **3. gr. Starfskjaranefnd**

Starfskjaranefnd bankans skal skipuð þremur bankaráðsmönnum. Hlutverk starfskjaranefndar er að vera leiðbeinandi fyrir bankaráð og bankastjóra um starfskjar helstu stjórnenda bankans. Skal nefndin fylgjast með því að starfskjar helstu stjórnenda bankans séu innan ramma starfskjarastefnunnar og gefa bankaráði skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund bankans. Umfjöllun um niðurstöðu skýrslunnar skal koma fram í ársskýrslu bankans. Jafnframt skal nefndin fylgjast með þróun launasamninga, starfsmannafjölda og launaútgjalda. Bankaráð skal setja nefndinni starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um hlutverk hennar og gera opinberar á heimasíðu bankans.

### **4. gr. Starfskjar bankaráðsmanna**

Bankaráðsmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Við ákvörðun um fjárhæð þóknunar skal taka mið af þeim tíma sem bankaráðsmenn verja til starfars, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu bankans. Starfskjaranefnd gerir rökstudda tillögu til bankaráðs um þóknun bankaráðsmanna fyrir komandi starfsár. Bankaráð tekur afstöðu til tillögu starfskjaranefndar og gerir endanlega tillögu um þóknunina sem lögð er fyrir aðalfund. Bankinn greiðir jafnframt ferðakostnað vegna starfa bankaráðsmanna sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Óheimilt er að gera starfslokasamninga við bankaráðsmenn.

### **5. gr. Starfskjar bankastjóra og stjórnenda**

Starfskjar bankastjóra og stjórnenda bankans skulu vera samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi, sbr. 2. gr. þessarar starfskjarastefnu.

Ekki skal gera samninga við bankastjóra og lykilstarfsmenn bankans sem fela í sér starfslokagreiðslur, umfram ákvæði ráðningarsamninga, kjarasamninga og skyldur samkvæmt lögum. Samningsbundinn uppsagnarfrestur bankastjóra og lykilstarfsmanna skal ekki vera lengri en tólf mánuðir, að teknu tilliti til ábyrgðar og verkefna.

AS  
Hö

## Fundargerð

Landsbankinn

### *6. gr. Starfskjarastefna dótturfélaga og fleira*

Bankaráð bankans skal stuðla að því að starfskjarastefnur dótturfélaga hans séu samkeppnishæfar en hóflegar og ekki leiðandi.

Jafnframt skal bankaráð stuðla að því að viðmið um starfskjör, sbr. 2. gr. þessarar starfskjarastefnu, komi þar fram með skýrum hætti.

Bankastjóri skal leggja fyrir bankaráð tillögu dótturfélaga að starfskjarastefnu þeirra, sem og tillögu að stjórnarlausnum.

### *7. gr. Breytilegir kjarahættir*

Bankinn skal ekki gera eða heimila samninga um kaupauka, þ.e. ekki heimila samninga um starfskjör sem að jafnaði eru skilgreind með tilliti til árangurs og eru ekki þáttur í föstum starfskjörum, þar sem endanleg fjárhæð eða umfang þeirra liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram.

Ef bankaráð bankans hyggst taka upp kaupaukakerfi innan samstæðu bankans þarf áður að fá samþykki hluthafafundar.

### *8. gr. Upplýsingagjöf*

Bankinn skal gera grein fyrir kjörum bankaráðsmanna, kjörum bankastjóra og kjörum hvers og eins lykilstarfsmanns í ársskýrslu sinni.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á vefsíðu bankans.

### *9. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira*

Starfskjarastefna Landsbankans er samþykkt af bankaráði. Starfskjarastefnan skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi bankans í samræmi við 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og borin undir fundinn til samþykktar, synjunar eða breytingar.

Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna oft en árlega og skulu breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund til samþykktar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir bankann og bankaráð. Bankaráð skal færa til bókar frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi bankans.

Ari Skúlason tók til máls undir þessum dagskrárlið og ræddi starfskjarastefnuna.

Starfskjarastefnan var samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

## 5. Tillögur til breytinga á samþykktum

Engar tillögur voru lagðar fyrir fundinn um breytingar á samþykktum.

## 6. Kosning bankaráðs

Fyrir aðalfund Landsbankans hf. var lögð tillaga um kjör eftirtalinna einstaklinga sem aðal- og varamenn í bankaráð Landsbankans hf. fram til næsta aðalfundar:

### **Aðalmenn:**

Helga Björk Eiríksdóttir  
Berglind Svavarsdóttir  
Einar Þór Bjarnason  
Guðbrandur Sigurðsson  
Hersir Sigurgeirsson  
Sigríður Benediktsdóttir  
Þorvaldur Jacobsen

### **Varamenn:**

Guðrún Ó. Blöndal  
Sigurður Jón Björnsson

Jafnframt var lagt til að Helga Björk Eiríksdóttir yrði kjörin formaður bankaráðs.

## Fundargerð

Landsbankinn

Engin önnur tillaga barst um bankaráðsmenn innan tilskilins frests. Fundarstjóri lýsti því yfir að þar með teldist bankaráðið rétt kjörið. Var nýju bankaráði óskað velfarnaðar í störfum sínum.

### 7. Kosning endurskoðanda

Fundarstjóri gerði síðan grein fyrir tillögu um kosningu endurskoðanda sem lá fyrir fundinum. Þessi tillaga er í samræmi við ákvæði c-liðar, 1. mgr. 4. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, en samkvæmt 7. gr. laganna er heimilt að útvista einstökum verkefnum embættis ríkisendurskoðanda.

Eftirfarandi tillaga var því næst borin upp:

Lagt er til að aðalfundur kjósi ríkisendurskoðanda sem endurskoðanda félagsins fyrir rekstrarárið 2019. Í samræmi við heimildir ríkisendurskoðanda til að útvista verkefnum sínum tilnefndi hann í framhaldi af útboði um verkefnið endurskoðunarfyrtækið Grant Thornton endurskoðun ehf. til að annast endurskoðun ársreikninga félagsins fyrir rekstrarárið 2019.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabili

Eftirfarandi tillaga var lögð fyrir fundinn um þóknun til bankaráðsmanna fyrir störf þeirra fram að næsta aðalfundi:

Lagt er til að aðalfundur Landsbankans samþykki að þóknun til bankaráðsmanna verði kr. 420.000 á mánuði, þóknun til stjórnarformanns verði kr. 735.000 á mánuði og þóknun til varaformanns verði kr. 525.000. Því til viðbótar skuli greiða bankaráðsmönnum kr. 210.000 á mánuði fyrir þátttöku í starfi undirnefnda bankaráðs en auk þess fái formenn undirnefnda bankaráðs greiddar kr. 30.000 á mánuði. Þóknun til varamanns í bankaráði verði kr. 210.000 fyrir hvern setinn bankaráðsfund eða fund með Fjármálaeftirlitinu um hæfismat en þó aldrei hærri en þóknun aðlmanns innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal nema að lágmarki kr. 420.000 á ári.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 9. Heimild til kaupa á eigin hlutum.

Þá var lögð fram eftirfarandi tillaga um heimild bankans til kaupa á eigin hlutum:

Lagt er til að hluthafafundur samþykki í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 heimild þess efnis að Landsbankinn hf. eignist eigin hluti allt að 10% af nafnverði hlutafjár. Lægsta og hæsta fjárhæð sem Landsbankinn hf. má reiða fram sem endurgjald fyrir hvern hlut skal vera bókfært virði hvers hlutar, þ.e. samsvara hlutfalli á milli eigin fjár sem tilheyrir hluthöfum bankans og hlutafjár, samkvæmt síðasta birta ársuppgjöri eða árshlutauppgjöri áður en kaup á eigin hlutum fara fram. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi Landsbankans hf. árið 2020. Ráðstöfun Landsbankans hf. á eigin hlutum sem keyptir verða á grundvelli þessarar heimildar er háð samþykki hluthafafundar.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 10. Tillaga hluthafa skv. 1. mgr. 97. gr. laga nr. 2/1995.

Lögð var fyrir fundinn tillaga hluthafans Seilar ehf. um sérstaka rannsókn samkvæmt 1. mgr. 97. gr. laga nr. 2/1995. Fundarstjóri fór yfir tillöguna eins og hún lá fyrir fundinum, en upplýsingar höfðu verið máðar úr framlagðri tillögu hluthafans vegna þagnarskylduákvæðis 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálaþyrtingu. Kom fram að tillagan barst innan réttra tímatakmarkana fyrir aðalfund og er skýrlega getið í dagskrá.

## Fundargerð

Landsbankinn

Fundarstjóri vísaði til athugasemda bankans við tillöguna sem lagðar voru fram með fundargögnum og birtar á vefsíðu bankans innan tilskilins frests.

Umboðsmaður hluthafans, Jóhann Pétursson, lögmaður, gerði grein fyrir tillögunni.

Gerði hann fyrirvara um lögmæti fundarins vegna þess að tillagan hafi ekki verið kynnt hluthöfum með tilskildum hætti með 14 daga fyrirvara í endanlegri mynd. Því næst gerði hann grein fyrir sjónarmiðum hluthafans Seilar ehf. sem voru tvískipt.

Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs, tók til máls og lýsti afstöðu bankaráðs til tillögunnar. Kom fram að innri endurskoðun hafi að beiðni bankaráðs gert úttekt á þeim viðskiptum sem fjallað er um í tillögunni og hafi það verið niðurstaða Innri endurskoðunar að ekki sé hægt að staðhæfa að umrædd viðskipti hafi valdið bankanum tjóni. Það er mat bankaráðs að m.a. í ljósi þessarar niðurstöðu sé ekki ástæða til að fara þess á leit við ráðherra að hann tilnefni rannsóknarmenn vegna þessa máls.

Fundarstjóri gerði því næst grein fyrir því að tillagan yrði borin upp enda væri hennar skýrlega getið í dagskrá og hluthafinn hafi fjallað um efni hennar á fundinum.

Að þeim loknum var tillagan borin undir fundinn.

Fundarstjóri lýsti því yfir að tillagan hafi ekki hlotið nægilegt samþykki hluthafafundar, þar sem hluthafar sem fóru með yfir 98% atkvæða greiddu atkvæði gegn tillögunni.


Fundarstjóri lýsti því yfir tillagan hafi ekki verið samþykkt.

### 11. Önnur mál


Engin önnur mál voru lögð fyrir fundinn og enginn óskaði eftir að taka til máls undir þessum lið.

Fundarstjóri gerði það að tillögu sinni að henni og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð eftir fundinn og komu ekki fram athugasemdir við það fyrirkomulag. Fundarmönnum gæfist kostur á að fylgjast með frágangi fundargerðar að fundi loknum.

Helga Björk Eiríksdóttir tók til máls, þakkaði hluthöfum fyrir þátttökuna í fundinum og sagði fundi slitið um kl. 17:15.



Ása Ólafsdóttir  
fundarstjóri



Kristinn Briem  
fundarritari